

61
17. apríl. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðastyrk handa stúdentum.* — Jafnframt því að senda hingað beiðni, hvar í lektor S. Melsteð fyrir hönd stúdentanna á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík fer fram á, að þeim verði veittur styrkur, svo að þeir geti tekið á móti boði því, er þeim hefir verið gjört um að senda nokkra úr sínum flokki til að taka þátt í hinni fyrirhuguðu minningarhátíð háskólans í Kaupmannaböfn, hafið þjer, herra landshöfðingi í þóknanlegu brjefi frá 25 f. m. lagt það til, að veittur verði 400 kr. styrkur hvorum hinna tveggja stúdenta sem í ráði er að senda.

Út af þessu er eigi látið hjálfiða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að alls 800 kr. skulu hjer með veittar í ofangreindum tilgangi af hluta þeim, er ráðgjafinn hefir umráð yfir af fje því, er veitt er með 16. gr. fjárlaganna fyrir árin 1878 og 1879 til óvissra útgjalda, sem upp á kunna að koma.

62
24. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um vitagjald.* — Með þóknanlegu brjefi frá 22. p. m. hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer fyrirspurn bæjarfógetans í Reykjavík um, hvernig reikna eigi vitagjald eptir lögum 12. apríl f. á., þegar svo stendur á, að eitthvert skip hafnar sig í sömu ferð bæði milli Reykjaness og Snæfellsjökuls og milli Snæfellsjökuls og Horns á Hornströndum, og hefir hann jafnframt látið það álit sitt í ljósi, að skipið eigi að borga vitagjald að eins á þeim stað, þar sem það fyrst kemur, og eptir þeim reglum sem gilda fyrir skip, er þangað koma, þannig að skip, sem fyrst kœmi til Reykjavíkur og síðan færi til Stykkishólms, ætti að eins að borga vitagjald í Reykjavík, 40 aura fyrir hvern ton, og skip, sem fyrst kœmi til Stykkishólms og síðan færi til Reykjavíkur, ætti einungis að greiða vitagjald í Stykkishólmi með 20 a. fyrir hvern ton. Þjer hafið, herra amtmaður, út af þessu látið í ljósi, að þýðing þessi á 1. gr. laga 12. apríl f. á. sje að vísu í sjálfu sjer eðlileg og sanngjörn, enda virðist hún eptir umræðunum á alþingi um mál þetta, að vera samkvæm tilgangi laganna, en að það að hinu leytinu sje vafasamt, hvort hún geti samrýmzt bókstaf laganna.

Út af þessu vil jeg hjer með þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda þetta :

Með því að samkv. 1. gr. laga 12. apríl f. á., að eins þau skip eru skyld að greiða vitagjald, er hafna sig «einhversstaðar á vestur ströndum Íslands», og með því lögin ekki ákveða, að gjaldið skuli greitt optar en einu sinni í hverri ferð er skipið kemur að þessum ströndum annarsstaðar, fæ jeg ekki betur sjeð en að skilningur bæjarfógetans í Reykjavík á lögnum megi til sanns færast, þannig að gjald þetta að eins beri að greiða á þeirri höfn, er eitthvert skip fyrst kemur að milli Reykjaness og Horns á Hornströndum, þó það síðan sigli á aðrar hafnir innan þessara takmarka og að upphæð gjaldsins eigi að vera sú, er lögin tiltaka fyrir þá höfn, er gjaldið þannig fellur til borgunar á.

63
25. apríl. — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austurumdæminu um búfræðing í Húnavatnssýslu.* — Eptir að sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir tjáð sig fúsa á að leggja fram 200 kr. upp í árslaun Þjeturs búfræðings Þjeturssonar fyrir að láta sýslubúum í tje leiðbeiningar í jarðrækt, vil jeg samkvæmt tillögum amts-